

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 4-2020

Staður: Fjarfundur í Teams

Tími: mánudaginn 21. apríl, kl. 10:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Halldór Þorgeirsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þórey Gylfadóttir og Ágústa Rut Haraldsdóttir.

Dagskrá

1. Fjármál Lbhí – Theodóra Ragnarsdóttir

Theodóra Ragnarsdóttir kom á fundinn og fór yfir rekstur skólans fyrstu þrjá mánuði ársins. Reksturinn er í mjög góðu horfi. Það hefur dregið talsvert úr ferðakostnaði starfsmanna sem kemur ekki á óvart vegna Covid ástandsins.

Magnús Óskarsson fyrrverandi kennari við skólann arfleiddi skólann að öllum eignum sínum til að byggja upp aðstöðu fyrir kennara og rannsóknarmenn í jarðræktarfræðum, umhverfisfræði og landnýtingu. Háskólaráð þakkar þessa rausnarlegu gjöf og er þess fullvisst að þetta muni verða Lbhí til mikillar hjálpar að byggja upp enn öflugra rannsókn- og þróunarstarf við skólann. Jafnframt hvetur háskólaráð til að rektor tryggi að þetta muni leiða til þess að nafni Magnúsar Óskarssonar verði haldið á lofti til framtíðar.

2. Staða mála vegna COVID-19

Kennsla gengur vel og öll próf verða fjarpróf. Skólinn verður opnaður fyrir nemendum 4. maí nk. og brautskráning er fyrirhuguð með breyttu sniði, mögulega þannig að einungis nemendum og starfsfólki verði boðið að vera við athöfnina, en henni síðan streymt.

Lbhí sendi mennta- og menningarmálaráðuneytinu tillögur að sumarnámskeiðum og starfsþjálfun fyrir nemendur í sumar en svör hafa ekki borist enn frá ráðuneytinu.

Háskólaráð er þakklátt öllum starfsmönnum Lbhí hvernig þeir hafa lagt á sig ómælda vinnu við að leysa þau vandamál sem komið hafa upp. Það er hins vegar mikilvægt að byrja að undirbúa hvað við gerum ef Covid er komið til að vera eftir sumarið og í breyttu ástandi fylgja einnig margvísleg tækifæri fyrir Lbhí sem og aðra háskóla. Það er mikilvægt að kynna einnig jákvæðar fréttir af því sem Lbhí er að gera vegna Covid.

3. Innleiðing stefnu

Innleiðing stefnu gengur vel. Unnið er að því að yfirfara reglur, áætlanir og verklagsreglur.

Hópur innan garðyrkjunnar hefur sent erindi til mennta- og menningarmálaráðherra dags. 14. apríl sem háskólaráð hefur fengið afrit af. Umræða fór fram um erindið. Háskólaráð telur mjög mikilvægt að starfshópur ráðuneytsins ljúki störfum sem fyrst svo að hægt verði að ljúka málinu farsælllega.



4. Tillögur að nýjum verkefnum – umræður

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

5. Bókfærð mál

a) Skipun siðanefndar

Siðanefnd er skipuð til næstu tveggja ára:

Pórdís Ingadóttir lögfræðingur formaður, Háagerði 12, 108 Reykjavík

Daði Már Kristófersson prófessor, Laxakvísl 25, 110 Reykjavík

Skúli Skúlason, Fornhagi 11, 107 Reykjavík

b) Skipun jafnréttisnefndar

Jafnréttisnefnd er skipuð til næstu tveggja ára:

Sólveig Magnúsdóttir jafnréttisfulltrúi

Eyjólfur Kr. Örnólfsson

c) Starfsáætlun 2020-2021 lögð fram til samþykktar

6. Önnur mál og næsti fundur

Fundi slitið kl 12:55

Næsti fundur háskólaráðs verður þriðjudaginn 19. maí 2020 kl 10:00

Fundargerð send út í tölvupósti. Hún mun skoðast sem samþykkt ef athugasemdir berast ekki innan þriggja daga.

